

## **5. fundur hafnarstjórnar Langanesbyggðar.**

Haldinn 16. ágúst 2011 á skrifstofu Langanesbyggðar kl. 13.00.

Mættir: Rafn Jónsson formaður, Jónas Jóhannsson, Friðrik Jónsson, Steinn Karlsson hafnarvörður, og Helgi Mar Árnason, skrifstofustjóri og fulltrúi hafnarstjóra, sem ritaði fundargerð.

Formaður setti fundi og spurði hvort athugasemdir væru gerðar við boðun fundarins. Svo var ekki.

Dagskrá:

### **1. Staða hafnarinnar á Þórshöfn**

Sigtryggur Benediktsson, frá Siglingastofnun, fór með nefndinni yfir áætlanir um stækkun hafnarinnar, m.a. um lengingu viðlegukants og dýpkun. Farið var yfir aukin umsvif í höfninni og nauðsyn þess að gera hana þannig úr garði að hún geti þjónað fyrirsjáanlegum skipakomum. Upplýsti Sigtryggur að samkvæmt nýjum lögum leggur ríki til 40% fjármagns við gerð nýrra viðlegukanta á Þórshöfn en 75% vegna dýpkunar hafnarinnar. Samþykkt að fara þess á leit við Siglingastofnun að verð verði úttekt og kostnaðaráætlun um stækkunar hafnarinnar.

Fleira ekki gert. Fundargerð lesin upp og samþykkt. Fundið slitið kl. 14.00.